

Til: Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis
og Alþingismanna

Reykjavík 9. Júní 2023

Efni: Mál 45, þingskjal 45 og þingskjal 2094 (Almenn hegningalög, bælingarmeðferðir)

Samtökin 22 – Hagsmunasamtök Samkynhneigðra fagnar því að Refsiréttarnefnd hafi tekið undir ábendingar okkar varðandi skort á skilgreiningum og hversu opið lagafrumvarpið var varðandirefsiábyrð ýmissa fagstétta.

Við fögnum því að heilbrigðistarfsfólki hafi verið bjargað fyrir horn og að könnunarmeðferðir og samtalsmeðferðir sálfræðinga og geðlækna verði ekki gerð refsiverð, eins og hugsanlega gat orðið raunin með frumvarpinu óbreyttu.

Hinsvegar eru foreldrar/forsjáraðilar enn í hættu að geta átt opin og heiðarleg samskipti við börnin sín og uppeldis-og menntageirinn er ennþá ekki kominn í nægilegt skjól er varðar hugsanlega refsíabyrgð.

Við hörmum það að þetta mál sé tekið inn í þingsal svona fljótfærnislega eftir álit Refsiréttarnefndar og skorum á þingmenn að hafna frumvarpinu. Við leggjum til að lagt verði (á nýju þingi) fram vandaðra frumvarp í nánari samvinnu við fagaðila, refsiréttarnefnd, hagsmunasamtök og aðra hlutaðeigandi.

Með vinsemd og virðingu

Eldur SK Ísidór

Formaður